

# STJÓRNARTÍÐINDI B 37 – 1997

---

5. maí 1997

535

Nr. 277

## REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 190, 17. mars 1997,  
um stjórn veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum 1997.

1. gr.

2. gr. orðist svo: Heimilt er að hefja síldveiðar 3. maí 1997.

2. gr.

2. málslíður 1. mgr. 3. gr. og 2. mgr. 3. gr. reglugerðarinnar eru úr gildi felld.

3. gr.

Í stað 1. málslíðar 6. gr. komi þrír nýir málslíðir er orðist svo: Síldarafla skal landað og hann veginn í íslenskri höfn. Þó er heimilt að fengnu leyfi Fiskistofu að landa síldarafla til bræðslu í fiskimjölsverksmiðju í erlendri höfn, enda liggi fyrir að eftirlit með löndun og vigtun afla sé fullnægjandi að mati Fiskistofu. Þá er heimilt að síld til manneldisvinnslu sé landað í erlendri höfn, enda sé aflinn seldur á opinberum fiskmörkuðum þar sem vigtunar- aðferðir og eftirlit er viðurkennt af Fiskistofu.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða og laga nr. 151, 27. desember 1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands til að öðlast þegar gildi.

*Sjávarútvegsráðuneytinu, 5. maí 1997.*

**Þorsteinn Pálsson.**

---

*Árni Kolbeinsson.*